

## 24. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 04.10 2011, kl. 13.30

---

Mætt voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfadóttir, Lárus Heiðarsson, Magnhildur Björnsdóttir 1. varamaður og Þorvarður Ingimarsson. Jóhann boðaði forföll.

### Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. Umhverfisúttekt Kröflulínu 2
3. Uppgjör SSA vegna úrgöngu Hornafjarðar og Skeggjastaðahrepps
4. Héraðsskjalasafn Austfirðinga  
Bréf dags. 06.09, ásamt fylgigögnum
5. Bæjarskilti
6. Umhverfisframkvæmdir við Laugarfellsskála  
Verkfundargerðir 14.09 og 28.09 , girðingarmál, færsla hesthúss, framvinda verks o.fl.
7. Bréf
  - a) Ályktun Fjallskilaneftndar austan Jökulsár á Dal dags. 05.09
  - b) Innanríkisráðuneytið dags. 19.09
  - c) Bókun Menningarráðs Austurlands dags 07.09
  - d) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dag 21.09
  - e) Umhverfisráðuneytið dags. 26.09
8. Fjarbeiðnir  
Erindi skólastjóra Hallormsstaðaskóla dags. 09.09 v. komu erlendra gesta
9. Umhverfisstyrkir
  - a) Hallgrímur Þórarinnsson, Víðivöllum ytri I
  - b) Friðrik Ingi Ingólfsson, Valþjófsstað II
  - c) Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði
10. Fundargerðir
  - a) Brunavarnir á Austurlandi 21.09
  - b) HAUST 14.09
  - c) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 08.09
  - d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 12.09
  - e) SSA 09.09
  - f) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 30.09
11. Önnur mál

### 1. Skýrsla oddvita

Oddviti hefur skrifað undir kaupsamning húsnæðishluta í Miðvangi 6, Egilsstöðum, sem ætlaður er félagsstarfi eldri borgara. Fundað hefur verið með stjórn félags eldri borgara og fulltrúum félagsþjónustu og fasteignafulltrúa Fljótsdalshéraðs um hvernig húsnæðið verði frágengið, þannig að það nýtist félagsstarfinu sem best . Þegar niðurstaða fæst þar um getur endanlegur frágangur á húsnæðinu hafist, en stefnt er að því að hægt verði að taka það í notkun um næstu áramót.

Héraðsskjalavörður kom í árlega heimsókn á skrifstofu sveitarfélagsins 13. september sl. Oddviti afhenti við það tækifæri til varðveislu í Héraðsskjalasafni, 2 gestabækur úr gangnamannakofum þ.e. bók úr Laugarkofa og bók úr Sauðárkofa.

Fyrirtækið Steinsholt sf bíður sveitarfélaginu ráðgjöf í skipulagsmálum.

Jafnréttisstofa gefur Fljótsdalshreppi frest til 1. mars 2012 til að vinna jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun henni tengdri.

Velferðarráðuneytið vekur athygli á að í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um ofbeldi gegn konum er gert ráð fyrir að sveitarfélög geri einnig slíkar áætlanir gegn kynbundnu ofbeldi.

Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á að í æskulýðslögum sé kveðið á að sveitarstjórnir skuli hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Sambandið hvetur sveitarfélög til að kynna sér leiðbeiningar um ungmennaráð sem unnar hafa verið.

Umhverfisráðuneytið boðar til VII Umhverfisþings 14. október á Hótel Selfossi. Samband íslenskra sveitarfélaga boðar til hálf dags málþings í tengslum við Umhverfisþingið.

Þjóðskrá Íslands vinnur að því að draga úr pappírsmisnotkun og auka rafræna stjórnarsýslu. Flutningstilkynningar vegna flutninga innanlands og flutninga til annarra landa en Norðurlanda er hægt að senda til Þjóðskrár Íslands á rafrænan hátt með netskilum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sent niðurstöður (skýrslu) úr æskulýsrannsókninni *Ungt fólk 2011 í 5., 6., og 7. bekk grunnskóla*, er viðkemur líðan, menntun, menningu, tómstundum, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra barna.

Aðalfundur SSA var haldinn á Hallormsstað 30.09 og 01.10. Á aðalfundinum var samþykkt tillaga þess efnis að daglegur rekstur og umsýsla SSA sameinist stöðstofnunum atvinnulífs, menntunar og menningar á Austurlandi, í sjálfseignarstofnun frá og með næstu áramótum. Um er að ræða Menningarráð Austurlands, Vaxtarsamning, Þróunarfélag Austurlands, Atvinnuþróunarsjóð Austurlands, Þekkingarnet Austurlands og Markaðsstofu Austurlands.

Fjölmargar aðrar tillögur og ályktanir voru samþykktar á fundinum t.a.m. var samþykkt ályktun um að sveitarfélög á starfssvæði SSA skipi í samstarfsnefnd sveitarfélaga á Austurlandi, nefndin starfi fram að næsta aðalfundi og vinni með ýmis verkefni svipuðum þeim sem fyrri samstarfsnefnd (Austfirsk eining) vann að.

- 2. Umhverfisúttekt Kröflulínu 2.** Kynnt. Umhverfisúttektin fór fram 30. ágúst sl. Oddviti var með í för f.h. Fljótsdalshrepps. Almenn niðurstaða var að frágangur væri góður meðfram línustæðinu. Á nokkrum stöðum voru gerðar athugasemdir við frágang og mun Landsnet sjá um að bæta þar úr.
- 3. Uppgjör SSA vegna úrgöngu Hornafjarðar og Skeggjastaðahrepps.** Sveitarstjórn samþykkir af sinni hálfu uppgjör við framangreind sveitarfélög vegna úrgöngu þeirra úr Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Í fyrirbyggjandi uppgjöri kemur fram að bæði sveitarfélögin greiða SSA hlutfallslega miðað við íbúafjölda í lok útgönguárs, að teknu tilliti til peningalegrar eignar, annars vegar og skulda og reiknaðra skuldbindinga hins vegar. Heildarfjárhæðin sem kemur til greiðslu skv. samkomulaginu er kr. 3.907.939,- Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar SSA í árslok 2010 eru um 52 millj. kr. og peningalegar eignir um 30 millj. kr. Aðildarfélög SSA bera hlutfallslega bakábyrgð á skuldum SSA. Oddviti hefur skrifað undir uppgjörið fyrir hönd sveitarfélagsins, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

#### 4. Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Bréf dags. 06.09, ásamt fylgigögnum. Óskað er eftir að aðildarsveitarfélög auki framlög til safnsins 2012, þannig að komast megi hjá því að draga starfsemi safnsins verulega saman. Framlög sveitarfélaganna eru lægri árið 2011 en þau voru árið 2007. Ef samþykkt verður beiðni um aukin framlög á næsta ári verður framlag Fljótsdalshrepps kr. 684.575,-

Sveitarstjórn samþykkir það framlag, ef önnur aðildarsveitarfélög samþykkja samsvarandi hækkun á framlögum til safnsins Einnig er til skoðunar að sveitarfélagið kaupi vinnu af safninu við skráningu á gögnum sveitarfélagsins.

5. **Bæjarskilti.** Pöntuð hafa verið 32 bæjarskilti. Skv. uppl. Vegagerðar er áætlaður kostnað við hvert skilti niður komið 80-100 þús. Fjármagn til skiltakaupanna verður tekið af óráðstöfuðu eigið fé.

#### 6. Umhverfisframkvæmdir við Laugarfellsskála

Verkfundargerðir 14.09 og 28.09, girðingarmál, færsla hesthúss, framvinda verks o.fl.

Sveitarstjórn samþykkir framlengdan verk tíma til 15 október. Komi til þess að veður hamli verkinu þá fjallar sveitarstjórn sérstaklega um það stöðu. Samþykkt að nánasta umhverfi skálans verði girt og að gengið verði frá aflstaurum fyrir veturinn. Samþykkt að hesthús verði staðsett á svipuðum stað og „gamli Laugarfellsskáli“.

#### 7. Bréf

- a. Ályktun Fjallskilaneftndar austan Jökulsár á Dal dags. 05.09. Varðar flutning á búfé og heyi yfir varnarlínur. Kynnt.
- b. Innanríkisráðuneytið dags. 19.09. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður haldinn 12. okt. á Hilton Hótel. Oddviti verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.
- c. Bókun Menningarráðs Austurlands dags 07.09. Kynnt.
- d. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dag 21.09. Kynnt.
- e. Umhverfisráðuneytið dags. 26.09. Kynnt.

#### 8. Fjárbæiðir

Erindi skólastjóra Hallormsstaðaskóla dags. 09.09 v. komu erlendra gesta til skólans. Samþykkt að bjóða gestunum og starfsfólki skólans til kvöldverðar í Klausturkaffi 04.10. Áætlaður kostnaður 150 þús. verður tekinn af óráðstöfuðu eigin fé, rúmist kostnaður ekki innan fjárhagsáætlunar.

#### 9. Umhverfisstyrkir

- a. Hallgrímur Þórarinsson, Víðivöllum ytri I. Samþykktur hámarksstyrkur.  
*Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis og Lárus tók við fundarstjórn.*
- b. Friðrik Ingi Ingólfsson, Valþjófsstað II. Samþykktur hámarksstyrkur.  
*Gunnþórunn kom aftur til fundar.*  
*Anna Jóna vék af fundi vegna vanhæfis*
- c. Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði. Samþykktur hámarksstyrkur.  
*Anna Jóna kom aftur til fundar.*

#### 10. Fundargerðir

- a) Brunavarnir á Austurlandi 21.09. Kynnt.

- b) HAUST 14.09. Kynnt.
- c) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 08.09. Kynnt.
- d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 12.09. Kynnt.
- e) SSA 09.09. Kynnt.
- f) Byggingarnefnd Fljótshrepps 30.09. Sveitarstjórn samþykkir að veita Héraðsverki stöðuleyfi vegna vinnubúða við Sauðárveitu. Oddvita falið að ganga frá leyfinu. Gjald vegna leyfisins skal vera kr. 50.000-.

## 12. Önnur mál.

- a) Rarik bendir á að ef rafmagnsnotendur í Fljótshrepps tengja þrjá fasa inn á heimili sínu, er það án gjaldtöku ef það er gert um leið og kerfið er tengt. Ef það er gert síðar kostar það kr. 65.500-
- b) Aðalfundur HAUST er boðaður 28.10 á Breiðdalsvík. Oddviti verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og til vara varaoddviti.
- c) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands er fyrirhugaður 28.10 á Reyðarfirði. Oddviti verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og til vara varaoddviti.
- d) Fjármálaráðstefna SÍS haldin í Rvk 13.-14. 10. Oddviti hyggst fara á ráðstefnuna.
- e) Alþingismenn kjördæmisins verða með viðtöl fyrir sveitarstjórnarmenn á Hótel Héraði 24.10. Viðtalstími Fljótshrepps er kl. 12-12.30.
- f) Ný sveitarstjórnalög taka gildi um næstu áramót. Yfirfara þarf samþykktir sveitarfélagsins til þess að athuga hvort þau stangist í einhverjum atriðum á við nýju lögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.20

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)